



Minningar í tilefni 70 ára afmælis Benedikts, eftir Benjamín Sigvaldason Gilsbakka 1947

Bjarni Benediktsson – 70 ára afmæli – Benjamín Sigvaldason – Gilsbakki – 1947

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-1, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í dag er 2.Des. Ég sit og hiusta á fréttir Útvarpsins í kyrö kvöldssins. Ein fréttin vekur athygli mína: "Benedikt Sveinsson fyr um alpingisforseti er sjötugur í dag." Hugurinn reikar 40 ár aftur í tímann og stöðvast við ýmsar hugljúfar og skemmtilegar minningar, sem eru tengdar við framboð og þingmennsku Benedikts, því hann var bingmaður okkar Norður-þingeyinga í 23 ár.

Pessar endurminningar knýja svo fast á, að eigi verður undan þeim flúið, svo að þær verða að komast á pappírinn með aðstoð ritvélarinnar, þó stutt sé kvöldstundin til ritstarfanna eftir annir dagsins.

Fyrir 40 árum var gróandi í íslenzku þjóðlíf. - Aðsta stjórnin nýlega flutt inn í landið, talsíminn kominn og mikill fjörkippur kominn í alla verzlun og viðskifti með stofnun Íslandsbanka, verklegar framkvæmdir voru stórum að färast í aukana og margt fleira mætti telja. En þó hygg ég að það merkasta sé ótalið enn. Ungmennafélags-hreyfingin var pá alveg nýlega komin til sögunnar. Það var sem æskan vaknaði af dvala. Nýjar vonir glæddust og hinn óþekkti kraftur, sem í unga fólkini bjó, brauzt fram í mikilli gleði og dáðríku starfi. Þá voru bjartir tímar og þá var gaman að lifa.

Degar ég sá B.S. í fyrsta sinni.

Það var rétt fyrir sláttinn sumarið 1908, að haldin var fjölmenn og skemmtileg samkoma í Ásbyrgi og munu hin ný-stofnuðu ungmannafél. í sýslunni hafa staðið að henni. Þessi samkoma var með nokkrum öðrum hætti en "skemmtisamkomur" vorra tíma. Það var þá ekki verið að eyða mörgum dögum í undirbúning, né verið að hugsa um að græða nokkrar þúsundir króna á samkomugestum með því að selja aðganginn eins dýrt og framast þykir fært. Nei. Aðgangurinn kostaði ekkert og skemmtikraftarnir voru lagðir fram án nokkurs endurgjalds. Og þó voru þessar samkomur langtum lærðómsríkari og eftirminnilegri - og mörkuðu dýpri spor en skemmtisamkomurnar nú á dögum. Þetta voru samkomur, sem vert er um að tala og vert er að minnast.

Þessi umrædda samkoma hófst - að lokinni setningarræðunni - með því, að hinn einstaki fiðlusnillingur, Hjálmar Stéfánsson, lék nokkur lög á fiðluna sína og var sú stund mörgum ógleymalag. Í þá daga kunnu menn líka að hlusta á það sem fram fór, og hlusta með athygli.

Þar næst hófust íþróttir og var það hin þjóðlega íþrótt, íslenzka glíman, sem mesta athygli vakti og varð minnisstæðust. Þarna komu fram margir ungir menn og snjallir, er sumir hverjir urðu síðar þjóðkunnir menn fyrir afrek á öðrum sviðum. Þarna glímdu þeir bræðurnir Sigurður Sigfússon, (síðar Bjarklind) og Jón, er síðar varð bóni á Halldórss töðum í Reykjadal. Glímdu þeir svo vel, að menn, sem nú eru orðnir átræðir, segjast aldrei - hvorki fyr né síðar - hafa séð jafn fagra glímu. Þarna glímdi Guðmundur Vilhjálmsson, nú framkvæmdarstj. Eimskipafélags Ísl. Hann var þá aðeins 17 ára og glímdi afburða vel. Meðal glínumanna var og Jón frá Gufudal, sémilegur glínumaður, en betri í vörn en sókn. Héðan úr Norður-þingeyjarsýslunni komu fram að minstakosti tveir menn, sem mikla athygli vöktu. Það voru þeir Axel Jónsson, síðar bóni í Ási og Pétur Siggeirsson, bóni á Oddsstöðum á Sléttu. Axel glímdi afburða vel. Einkum var aðdáanlegt að sjá þá glíma saman Guðmund Vilhjálmsson og hann, og mun sú glíma fáum úr minni líða, er hana sáu. Pétur var 19 ára, fífl-elfdur að burðum og harðgjör að sama skapi. Þótti hann ekki glíma ákjósanlega vel, en sigursæll var hann í meira lagi. Mig minnir að hann legði auðveldlega hvern einasta mann, sem fór á móti honum. Jón frá Gufudal, sem var jafnaldri Péturs, stóð bó nokkuð í honum er áleið og hann fór að vara sig á sigurbragðinu, sem var fyrst og fremst "mjaðmarhnykkur" og þótti í þá daga hetjulegt glímuþragð. - Allir þessir menn, er ég hefi nefnt, eru enn á lífi, að því er ég best veit, nema Axel Jónsønn. Sá ágæti maður andaðist á besta aldri fyrir nálega 20 árum. Þarna glímdu ýmsir fleiri, en ég man nú ekki nöfn þeirra lengur.

Að íþróttunum loknum hófust ræðuhöldin. Ég man ekki fyrir víst hver var samkomustjórin, en ég hygg þó, að það hafi verið Þórarinn Grímsson, sá er tók sér attarnafnið Vikingur, er hann dvaldi í Vesturheimi á árunum 1924 til 1929. En hver sem samkomustjórin var, þá hóf hann fyrstur máls og gat þess meðal annars í ræðu sinni, að

barna væru staddir tveir menn, er samkumugestir mundu alveg sérstaklega óska eftir að sjá og heyra, "en það eru alþingis-frambjóðendur okkar Norður-þingeyinga", sagði hann, og það þá nú að gjöra fólkini þá ágægju, að stiga í ræðustólinn. Æg vissi það ekki þá, en ég veit það nú, að þetta var ekki síður í þágu frambjóðandanna en kjósendanna, og munu þeir því hafa verið fúsir til að tala til málს. Enda stóð ekki á þeim. Upp í ræðustólinn fór steig þegar frambjóðandi Heimastjórnarmanna, Björn Sigurðsson, bóndi í Árlækjarseli (síðar á Grjótnesi) og hélt mjög snotta ræðu, en efni hennar rek ég ekki hér. Björn var frekar lágor maður og fór ekki mikil fyrir honum þar sem hann var. En hann var greindur vel og prúðmenni hið mesta, góður bóndi og vel láttinn af öllum er hann pekktu. Hann mátti því teljast mjög álitlegt þingmannsefni. En það, sem gerði gæfumuninn, var, það barna mætti honum óvenjulega glæsilegur andstæðingur - og svo hitt, að hann var ekki "réttu megin" í pólitíkinni, eins og þá stóðu sakir. Æg hygg að fullyrða megi, að það hefði verið alveg sama hvaða mann Heimastjórnarmenn hefðu haft barna í framboði í betta sinn. Hann hefði altaf fallið. Þegar Björn hafði lokið málí sínu, steig Benedikt Sveinsson í ræðustólinn. Æg gleymi aldrei þeiri stund. Slíkt glæsimenni hafði ég aldrei augum litið, mælskan var frábær og framkoman öll með slíkum glæsibrag, að það hlaut að vekja óskifta athygli hvers manns. Hann var þá aðeins brítugur að aldri, vel vaxinn og svo höfðinglegur að af bar. Úr ræðu hans man ég fátt, því athygli míni beindist einungis að manninum en ekki ræðunni. Það vakti furðu mína, að til skyldi vera slíkjur meður og mig undrar það ekki nú, þó hann næði fljótt fylgi í sýslunni. - Kosið var 10. Seft. þá um sumarið og fékk Benedikt nokkuð yfir 100 atkv. en Björn tæplega 60. Þar með var Benedikt Sveinsson orðinn þingmaður Norður-þingeyinga.

Næstur á eftir B.S. talaði maður nokkur, sem het Páll Jóakimsson. Hann var sigldur maður og lærdur vatnsveitufræðingur, en taldist bóndi að Haga í Aðaldal. Var það í almæli, að hann léti skrifa sig bóna á einum fjórða hluta jarðarinnar, einungis til þess að geta haft kosningarrétt til Alþingis. Hygg ég þetta satt vera. En það mun láta ókunnuglega í eyrum nú á dögum, að kosningarétturinn skyldi vera svona takmarkaður, fyrir ekki lengri tíma, og að slíkar krókaleiðir varð að fara til að ná í þann helga rétt. En Páll Jóakimsson var pólitískur með fádænum, enda fjallaði ræða hans einungis um samband okkar við Dani. Hann var eldheitur Sjálfstæðismaður og létt skammirnar óspart dynja á "Baunverjanum" og dróð ekki af. Margt sagði hann líka hnyttið og man ég eina setningu, sem ég tilfæri hér örðréttu: Hann sagði meðal annars: "Mig hefir altaf langað til að trúlofast, - en aldrei hefir mig langað til að trúlofast Dönum". Og ræðan var öll í þessum úr. Eigi skal nú fleira greint fra ræðuhöldunum. En að því vil ég víkja, að um þessar mundir kostaði brennivínflaskan ekki nema eina krónu, og sást bó ekki vín á nokkrum manni fyrri en liðið var langt á kvöldið og kominn var heimferðarhugur í menn. Þá fyrst fóru samkomugestir að dreypa á ferðapelanum, og tel ég það, ólíkt mannlegra en að koma fullur á samkomustað og vera við ól allan samkomudaginn eins og nú tilkast. Verður nú eigi fleira sagt frá samkomu þessari.

Síðari kosningabardagar.

Eftir tveggja ára þingmennsku, varð Benedikt að leggja út í næstu kosningasennu og var hún með nokkrum öðrum hætti en sú fyrsta. Andstæðingurinn var Steingrímur Jónsson, sýslumaður. En hann var mikil glæsimenni, þaulvanur og harðskeyttur stjórnmalamaður, og síðast og ekki síst vinsæli og mikilsvirtur valdsmaður í sýslunni. Benedikt mun hafa talið sér sigurinn vissann og byggt það, sem von var, á úrslitum síðustu kosninga, en ekki metið það að fullu, að barna mætti honum nýr og harðsnúinn andstæðingur. Kosningabaráttan var ærið hörð og gengið veðurglöggir menn þóttust sjá, að tvísýnt væri hvor mundi vinna sigur, enda báðir mennirnir stórmikilhæfir, hvor á sína sívu. Fyrirfram sigurvissa er góð, en getur verið hættuleg, og sannast það hér, því nú skall hurð nærri hælum. Sjálfstæðismenn í sýslunni voru svo vissir um sigur Benedikts, að þeir ugðu ekki að sér, uns þeir hrukku við, er þeir heyrðu úrslitin. En þau voru á þá lund, að Benedikt vann með eins atkvæðis mun. Já, hér skall hurð nærri hælum, en það sannaðist hér sem oftar, að gifta Benedikts Sveinssonar var mikil á þeim árum. - Það er óbarfi að taka það fram, að Benedikt reyndist kjördæminu hinn ágætasti rulltrúi, gætti vel hagsmuna kjördæmisins og leysi vel af hendi hin mörgu erindi, er til hans bárust frá sýslubúum, enda minnir mig að hann yrði sjálfkjörinn við næstu kosningar.

Nú gjörist ekkert sögulegt fyr en haustið 1916. Þá bauð Steingrímur sýslumaður sig aftur fram á móti Benediktu. Steingrímur og hans menn sóttu nú fast róðurinn og voru margir á þeiri skoðun, að sýslumaður væri viss, með því að ekki munaði nema einu atkvæði þá síðast kosið var - og í þetta eina atkvæði atluðu þeir krækja og dróð nú enginn af sér. Gengu margar og skemmtilegar sögur af þessum kosningabardaga. Til gamans skulu tvar þeirra sagðar hér: Steingrímur sýslumaður og menn hans voru á ferð um kjördæmið þetta haust og komu á þá nokkurn, er stóð undir háu fjalli. Þeir gerðu vart við sig og kom húsfreyja til dyra. Gerðu þeir boð fyrir bónda, en húsfreyja kvað hann eigi vera heima sem staði. Segir þá einhyer í hópnum: "Hér er ill í efni, því við purftum nauðsynlega að hafa tal af honum". Þá svarar húsfreyja: "Eigi hygg ég að þetta komi að sök, því ég þykist erindið vita. Get ég sagt ykkur það, að honum þorgrími mínum verður ekki snúið frekar en fjallinu þarna" og benti um leið með hendinni í átt til fjallsins. Þeim varð litið til fjallsins - og þar með var erindinu lokið. Hin sagan er á þessa leið: Einn af fylgismönnum Benedikts talði hann vera í allmikilli hættu, svo að hann lagði af stað í ferð um kjördæmið og hugðist afla honum fylgis. Eigi var hann nema stutt kominn, er hann reið heim á þá nokkurn og hafði tal af bónda. Gesti var boðið til baðstofu, er var forn mjög. Þar var fjós undir palli, og kýr á básum. Gesturinn tók sér stóðu á miðju baðstofugólfinu og hóf kosningaráðu sína að viðstöddu heimilisfólk. Eigi gætti hann þess, að í gólfinu var gat, er lokað var með lausum hlera, og stóð hann á jaðri hlerans. Vissi hann þá eigi fyrri en hlerinn brotnaði. Hvarf þá ræðumaðurinn niður um gatið og lennti á hrygnum á einni kúnni og sat þar kvofvega þegar skygnst var niður. Er þetta nægilegt til að sýna, að ýmislegt sögulegt gerðist í þessum kosningabardaga - og skal nú ekki fleira tilgreint.

Þegar leið að kjördegi var svo komið málum, að báðir flokkar þóttust vissir um sigur. Báðir höfðu unnið vel og drengilega - og nú biðu menn úrslitanna með mikilli óþreyju. Margir dagar liðu frá kjördegi uns talið var. Árni hreppstjóri Kristjánsson í Dórunnar seli var oddviti kjörstjórnar og stjórnæði hann talningunni heima hjá sér. Og þessum talningardegi gleymi ég aldrei. Úrslitin komu báðum flokkum svo hræðilega á óvart, að menn stóðu yfirleitt orðlausir og höggdofa af undrun. Mig minnir að Benedikt hefði upp undir 70% greiddra atkvæða. Sjálfstæðismenn höfðu aldrei haldið að sigur Benedikts yrði svo glæsilegur. Og Heimastjórnarmenn höfðu yfirleitt slegið því föstu, að atkvæðamunurinn yrði aðeins nokkur atkvæði, hvor þeirra sem ynni.

Ýmsir halda því fram, að þetta hafi verið síðasti sögulegi kosningabardaginn í þessu kjördæmi - og má það nokkuð til sanns vegar fára. Eftir þetta kom 15 ára "friðar-tímabil" og gjörðist ekkert sögulegt á þessum vettvangi. Benedikt var ýmist sjálfkjörinn eða að hann hafði hættulausann mann á móti sér, og voru þær kosningar ærið daufar. En þingmaðurinn var vinsæll með afbrigðum og dáður af kjósendum. Væntu margir þess, að hann yrði þingmaður kjördæmisins í aldarfjórðung, að minsta kosti.

Lokabáttur. Það var vorið 1931, sem Benedikt Sveinsson bauð sig hér fram í síðasta sinni. Andstæðingarnir voru tveir og áttu báðir heima í kjördæminu. Er mér sú kosningabaráttu lítið kunn, með því að ég átti þess ekki kost að mæta á nokkrum framboðsfundi, og vissi því ekkert hvað þar fór fram. En niðurstaðan var sú, að Benedikt tapaði með nokkurra atkvæða mun. Því var viða trúáð í kjördæminu, að úrslitin hefðu orðið þessi vegna óhappi eins, er ekki var hægt að sjá fyrir hverjar afleiðingar hefði. Þar með endaði þetta glæsilega 23 ára þingmennsku-tímabil og undu margir því illa til að byrja með, en munu þó hafa nokkurnveginn satt sig við það begar frá leið og í ljós kom hvaða erfiðalíkatímar voru framundan. - Benedikt Sveinsson kom fram á vettvagg íslenzkra þjóðmála á heppilegum tíma. Þá var heiðrikja yfir landi voru og bjart framundan. Hann var framsýnn hugsjónamaður. Og á þeim tínum var alyeg sérstakt tækifæri fyrir hugsjónamenn, að láta að sér kveða að stjórnmalasviðinu - og þar naut hann sín vel, svo vel, að hans verður atíð maklega minnst, sem eins hins glæsilegasta fulltrúa þjóðarinnar á þessu sviði. Honum entist aldur á Alþingi til að sjá hugsjónir sínar rætast að mestu. Þegar þingmennskunni lýkur, eru tímarnir breyttir. Alheimskreppa er skollin yfir og ný vandamál bíða úrlausnar. Vandamál, er voru með öllu óskyld hinum fógru hugsjónamálum hans, er hann hafði barist fyrir og leitt til sigurs. Slíkir menn sem Benedikt eiga ekki að slíta sér út á kreppu-þvargi og öðru því líku, eftir jafn farsæla og drengilega,

nær aldarfjórðungs þingmennsku. - Hann kom í þetta kjördmæi
með gróandi vori - en kvaddi þá haustkuldi og hreggviðri heims-
kreppunnar lagði land og þjóð í dróma.

Benjamín Sigvaldason, bóndi
Gilsbakka,
Øxarfirði.